

STJÓRNARTÍÐINDI B 99 – 1997

Nr. 665

1526

2. desember 1997

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 525/1996 vegna innflutnings á landbúnaðarvörum.

1. gr.

Til viðbótar þeim vöruliðum sem tilgreindir eru í 1. gr. auglýsingarinnar kemur:
0202.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. auglýsingarinnar orðast svo:

Innflutningur er heimilaður frá eftirtöldum löndum, að uppfylltum skilyrðum 3. gr.:

Danmörku: Kjöt af nautgripum, svínnum og kjöt og ætir hlutar af alifuglum.

Grænlandi: Hreindýrakjöt.

Finnlandi: Hreindýra-, nautgripa- og svínakjöt og kjöt og ætir hlutar af alifuglum.

Noregi: Hreindýra-, nautgripa- og svínakjöt og kjöt og ætir hlutar af alifuglum.

Svíþjóð: Hreindýra-, nautgripa- og svínakjöt og kjöt og ætir hlutar af alifuglum.

3. gr.

Síðari málsliður 3. mgr. 2. gr. auglýsingarinnar orðast svo:

Eingöngu er heimilt að flytja inn úrbeinað nautgripa- og svínakjöt.

4. gr.

Til viðbótar þeim vöruliðum sem tilgreindir eru í 3. gr. auglýsingarinnar kemur:
0202.

5. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt a-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 479/1995, um varnir gegn því að dýrasjúkdómar berist til landsins og um takmörkun á innflutningi dýra sem fengið hafa vaxtaraukandi efni, sbr. lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 377/1997 um breytingu á auglýsingu nr. 525/1996.

Landbúnaðarráðuneytinu, 2. desember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

Gutenberg